



Sauðárkróki, 8. apríl 2017

Umsögn Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar

um 176. mál – frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (strandveiðar)

Smábátafélagið Drangey styður meginatriði frumvarpsins eins og þau koma fram í 1. grein þess. Sérstaklega fagnar félagið lengingu veiðitímabilsins þar sem slíkt myndi algerlega koma í veg fyrir „ólympískar“ veiðar og mæta þeirri staðreynd að fiskigengd á handfæramiðum er bæði breytileg eftir árstíma og landshlutum. Þá styður félagið 4. gr. þess um sérstakt veiðigjald vegna strandveiða.

Vegna eðli handfæraveiða telur félagið ekki ástæðu til að setja á strandveiðarnar sérstakt heildaraflamark. Þess vegna er lagt til að 2. gr. frumvarpsins hljóði svo:

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 2017, 2018 og 2019 verði strandveiðiaflinn utan þess heildaraflamarks sem ákveðið er samkvæmt aflareglu. Að lokinn þriggja ára tilraun með þetta fyrirkomulag verði það endurskoðað á grundvelli þeirrar reynslu sem af því hefur þá fengist.

Ofangreind tillaga um breytingu á 2. gr. byggist á eftirfarandi forsendum:

1. Handfæraveiðar eru í eðli sínu gjörólíkar öðrum veiðum hér við land þar sem það fer eftir hegðan fiskjarins og að einhverju leyti eftir hæfni veiðimannsins hvort eitthvað veiðist. Sömuleiðis er hér um að ræða veiðiaðferð sem sögulega séð hefur aldrei verið ástæða til að setja sérstakar magnhömlur á.
2. Með því að hafa handfæraveiðarnar utan heildaraflamarks myndi meiri sátt skapast um aflamarkskerfið sem hér er við líði enda yrði þá umræðan um að strandveiðarnar væru „að taka eitthvað frá“ öðrum útgerðarflokkum úr sögunni.
3. Þar sem þetta frumvarp er tillaga um ákveðna tegund sóknarmarks (50 daga hámark veiðidaga) skapast tækifæri til að afla viðbótar rannsóknagagna um ástand þeirra stofna sem veiddir eru með handfærum. Í dag er einkum stuðst við rannsóknagögn úr svokölluðu togararalli en eðli þeirra gagna er allt annað en gögn sem handfæraafli skilar. Með þessu myndi líka nást fram meiri samvinna milli smábátasjómana og Hafrannsóknarstofnunar en mikið hefur verið kvartað yfir skorti á henni.
4. Þar sem gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag gildi til bráðabirgða í þrjú ár er auðvelt að endurskoða það og/eða breyta því þá í ljósi reynslunnar.

Virðingarfyllst,

Steinar Skarphéðinsson, formaður Drangeyjar, smábátafélags Skagafjarðar